

Aðalfundur Smábátafélagsins Stranda

haldinn á Hólmavík 24. september 2017

Ályktanir til 33. aðalfundar LS

Makrílveiðar

Aðalfundur Stranda gerir kröfu um að makrílveiðar á króka verði gefnar frjálssar og hafnar kvótasetningu á makríl.

Reglugerðarlokanir

1. Aðalfundur Stranda mótmælir harðlega reglugerðarlokunum veiðisvæða og krefst þess að lokanir standi aldrei lengur en sex mánuði.
2. Aðalfundur Stranda krefst þess að sjávarútvegsráðherra nemi úr gildi reglugerð nr. 970 frá 13. desember 2010 um bann við línuveiðum á Húnaflóa.

Greinargerð.

Reglugerðin tekur yfir mjög stórt veiðisvæði í vestanverðum Húnaflóa, sem er mikilvæg veiðislóð fyrir smábáta við flóann.

Reglugerðarlokunin er því mjög íþyngjandi fyrir útgerðir við Húnaflóa.

Veiðigjald

Aðalfundur Stranda mótmælir harðlega hækkun veiðigjalda enda úr öllum takti við afkomu smábátaútgerðar á þessu ári.

AIS

Aðalfundur Stranda skorar á Samgöngustofu að fylgja fast eftir að nöfn báta séu rétt skráð í AIS kerfi.

Skoðunargjöld

Aðalfundur Stranda mótmælir háum skoðunargjöldum og mjög íþyngjandi álögum ríkis og sveitarfélaga. Upphæð gjaldanna er komin yfir þolmörk. Skorað er á viðkomandi að endurskoða gjaldskrána þar sem tekið verði mið af erfiðleikum þessa útgerðarhóps í kjölfar lágs fiskverðs og margföldunar á veiðigjaldi.

Grásleppuveiðar

Aðalfundur Stranda leggur til að stjórnun grásleppuveiða verði með svipuðum hætti og verið hefur.

Strandveiðar

Aðalfundur Stranda leggur til að hert verði á reglum sem gilda um eignarhald á strandveiðibátum. Fundurinn lýsir stuðningi við starf forystumanna LS er viðkemur strandveiðum samtímis sem hvatt er til áframhaldandi baráttu fyrir auknum veiðirétti.